



Hvað er fagháskólanám?

„Höfum við gengið til góðs
götuna fram eftir veg“

Veikleikar í íslensku menntakerfi

- Læsi barna sem úrskrifast úr grunnskóla er ábótavant
- Brottfall úr framhaldsskólum er hátt
- Verk- og starfsnám í framhaldsskólum er veikt
- 99% háskólanema eru í fræðilegu námi

Skýrsla OECD 2013: Leikni að loknu námi (Skills beyond school)

1. Stýring og samhæfing á starfsmenntun á hærri stigum er veik.
2. Vísbendingar eru um að skortur sé á faglaærðu fólki í mörgum þeim greinum sem starfsmenntakerfið nær til á meðan framboð á starfsnámi virðist aðallega vera á forsendum nemenda. Taka þyrfti meira tillit til viðtækra hagsmuna samfélags og atvinnulífs.
3. Leiðin í framhaldsnám að lokinni starfsmenntun á framhalds-skólastigi er oft torsótt: Námsleiðir í starfsnámi eru stundum óskýrar og margar starfsnámsbrautir opna ekki greiðar leiðir til áframhaldandi náms.
4. Auka þarf og auðvelda tengsl mismunandi námsbrauta og samræmingu á milli skólastiga. Háskólar þurfa að meta í meira mæli viðbótarnám af verknámsbrautum til styttingar náms.
5. Náms- og starfsráðgjöf er höll undir bóklegt nám og skortir ráðgjafa þekkingu á atvinnumarkaði og upplýsingar um þarfir hans.



Skýrsla Cedefop 2014: European Centre for the Development of Vocational Training

1. Verknámskerfið flókið í samanburði við bóknám.
2. Verk- eða starfsnám er yfirleitt lengra en bóknám.
3. Verknám veitir almennt ekki rétt til háskólanáms og lýkur ekki með stúdentsprófi þótt vissulega sé í boði viðbótarnám til stúdentsprófs við verknámsskóla.



Hvítbók MRN 2014: Umbætur í menntun

1. Endurskipulagning náms á starfsmenntabrautum með einfaldara grunnám að leiðarljósi, prepaskiptingu, hæfni kröfum og styttingu námstíma.
2. Að allt starfsnám feli í sér vinnustaðanám, en gæðamat, ábyrgð og fjármögnun vinnustaðanáms verði endurskoðuð.
3. Að laga- og stofnanaumgjörð starfsnáms eftir framhaldsskóla verði endurskoðuð og afstaða tekin til þess hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig.
4. Bætt stýring og stjórnþýsla starfsmenntamála með því að endurmeta hlutverk nefnda og ráða og skilgreina hlutverk aðila á því sviði.
5. Að náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðsla verði eflað, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla, og ýtt verði undir að fleiri nemendur velji sér starfsnám.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar 2017 um starfsmenntun á framhaldsskólastigi

1. Markmið um öflugra starfsnám hafa ekki náðst.
2. Ekki er unnið markvisst að umbótum.



Hvaða máli skiptir gott, fjölbreytilegt og skilvirkt menntakerfi?

- „Góð menntun er grundvallarforsenda jafnra tækifæra og lykill að lífsgæðum einstaklinga, opnu samfélagi og er forsenda öflugs atvinnulífs og samkeppnishæfni.“
- „Miklar breytingar eru að verða á atvinnulífi og vinnumarkaði sem færa okkur í senn nýjar áskoranir og tækifæri, bæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Þar má nefna öra þróun þekkingar og tækni með þeirri **auknu sjálfvirknivæðingu sem 4. iðnbyltingin** hefur í för með sér, bæði innanlands og á alþjóðamarkaði, **stóraukinn fjölda innflytjenda** á íslenskum vinnumarkaði og **breytta aldurssamsetningu** þjóðarinnar.“

Úr ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins frá því á sunnudag

„Fjöldi núverandi starfa mun úreldast og ný verða til. Slíkt hefur jafnframt þá hættu í för með sér að þeir sem í dag sinna störfum sem munu hverfa, missi hæfni sína til þátttöku á vinnumarkaði. Því er fjölbreytilegt, skapandi og hagkvæmt menntakerfi lykillinn að kraftmiklu og arðskapandi atvinnulífi þar sem fólk mun þurfa að mennta sig alla ævina með sí- og endurmenntun.“

Hvað er fagháskólanám?

1. Starfsnám hefur verið skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „menntun og þjálfun sem stefna að því að afla fólki þeirrar þekkingar, starfsvits, leikni og/eða færni sem nauðsynleg er í ákveðnum atvinnugreinum eða almennt á vinnumarkaðnum.“ Í þeim tilfellum sem slíkt nám fer fram á háskólastigi er um fagháskólanám að ræða.
2. Námsleiðir með námslok á háskólastigi (diploma, bakkalár eða annað) sem hafa atvinnutengd lokamarkmið. Það sem einkennir fagháskólanám er að skipulag og uppbygging námsins byggir á mun nánari tengslum við atvinnulíf og að starfsmenntun og/eða starfstengd sérþekking er viðurkennd sem undirbúningur fyrir námið í ríkara mæli en í hefðbundnu háskólanámi og getur í vissum tilvikum nýst sem hluti námsins.

Fagháskólanám á Íslandi

- Skortur á upplýsingum, gögnum og rannsóknum. Hér er aðallega miðað við tölur Hagstofunnar um nám á 4. og 5. stigi sem bera má saman við 4. og 5. hæfniprep þótt á þeim samanburði séu annmarkar.
- Hlutfall nemenda í námi sem myndi falla undir fagháskólanám hefur á árabílinu 2007-2014 fallið úr 8,1% í 5,4% af heildarfjölda nemenda.
- Einungis 1,1% nemenda í grunnnámi við íslenska háskóla stundaði starfsmiðað nám árið 2014 samkvæmt tölum/skráningu Hagstofunnar. Nánast allur fókus háskólanna er á akademískt nám. Í Finnlandi stunduðu árið 2016 tæplega helmingur háskólanema nám við 26 fagháskóla (140 þúsund) á móti 164 þúsund nema við 14 akademíska háskóla.
- Bent hefur verið á að í örrí þróun háskólastigsins undanfarin ár hafi orðið „akademískt rek“ þannig að á sama tíma og fjöldi þeirra nemenda sem innritast í háskóla hafi tvöfaldast hefur nemendum í starfsnámi fækkað og þeir skólar á háskólastigi sem áður skilgreindu sig sem sérskóla hafi annað hvort runnið saman við stærri hefðbundna háskóla eða sjálfir fært sig nær slíkri skilgreiningu af ótta við að vera ella taldir annars flokks skólar meðal háskólanna.



Tillögur verkefnishóps um fagháskólanám 2016

1. Farið verði af stað með fagháskólanám sem þróunarverkefni árið 2017 og a.m.k. 5 mismunandi námsleiðir verði skilgreindar til þróunar og innleiðingar. Þeim er ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihald.
2. Skipað verði samstarfsráð um fagháskólanám sem hafi eftirfarandi verkefni:
 1. Að skilgreina frekar markmið með þróunarverkefninu og einstökum þáttum þess
 2. Að leggja fram tillögu um kostnað og fjármögnun fagháskólanáms til framtíðar fyrir maí 2018
 3. Að leggja fram tillögu um hvaða nám verði fagháskólanám og geti farið af stað árið 2017 og 2018 á grundvelli greiningar og forgangsröðunar atvinnulífsins í samráði við háskóla, framhaldsskóla og aðrar menntaveitur
 4. Að vinna að skilgreiningu á raunfærnimati á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess
3. Ríkið og atvinnulífið (SA, ASÍ, BSRB) stofni sameiginlegan þróunarsjóð til að fjármagna þróunarverkefnið fyrir vorönn 2017 og skólaárið 2017-2018. Um sé að ræða einskiptisaðgerð en framtíðarfjármögnun fagháskólanáms fari eftir tillögum samstarfsráðsins um framtíðarskipan námsins.

Verkefnishópur um fagháskólanám

forsendur fagháskólanáms

1. Námið sé metið til ECTS eininga og að það geti verið grunn nám við háskóla, diplománám við háskóla, viðbótarnám við framhaldsskóla eða viðurkennt iðnmeistarapróf.
2. Námið sé á ábyrgð viðurkennds háskóla út frá gæðakröfum hans. Háskólinn beri ábyrgð á gæðum náms og kennslu. Háskóli metur fagháskólanám sem kennt er í samstarfi við framhaldsskóla eða aðra menntaveitu og útskrifar nemendur einn eða með samstarfsaðila.
3. Þátttaka í samstarfi og þróun fagháskólanáms sé valkvæð þannig að þeir háskólar, framhaldsskólar og menntaveitur sem hafa áhuga taki þátt og fyrirkomulag verkefnisins verði þannig opið og sveigjanlegt. Það sama gildi um þátttöku einstakra starfsgreina, t.d. varðandi meistaranám iðnaðarmanna.
4. Fjármögnun verði þannig að háskólar sjái sér hag í að bjóða upp á fagháskólanám og að fara í samstarf um slíkt. Það sama gildi um framhaldsskóla og aðrar menntaveitur. Tryggja þarf fjármögnun á þróunar- og innleiðingarkostnaði vegna nýrra verkefna og námsbrauta, kostnaði við mat og gæðamál, kennslukostnaði nýrra námsbrauta og kostnaði við samráð.

Hvernig hefur til tekist?

- Ráðuneytið hafnaði áður gerðu samkomulagi um stofnun sameiginlegs þróunarsjóðs en ráðstafaði þess í stað 100 m.kr. beint til allra háskóla í landinu eftir stærð.
- Frumkvæðið tekið af stéttarfélagum og atvinnurekendum og fært háskólunum.
- Fjöldi verkefna varð mun meiri og fjárveitingar til einstakra verkefna því minni.
- Eitt verkefni komið af stað: **Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun.**
- HR hefur fengið sérstakan styrk til að vinna verkefni á sviði iðn- og tæknináms.
- Þrjú verkefni í vinnslu með aðkomu opinberra starfsmanna sem kynnt verða hér á eftir.



Diplóma í viðskiptafræði og verslunarstjórnun

Fagháskólanám fyrir verslunarstjóra

Verzlunarstjórnun

- Sífelld eru gerðar meiri kröfur til stjórnenda í atvinnulífinu hvað menntun varðar og eru stjórnendur flestir með háskólanám að baki.
- Nýju fagháskólanámi í verzlunarstjórnun er ætlað að gefa verzlunarstjórum færi á að styrkja sig í starfi með því að bæta aukinni menntun við reynslu sína og hæfni auk þess að gefa einstaklingum með víðtæka reynslu af verzlunarstörfum tækifæri til að mennta sig í verzlunarstjórnun.
- Verzlunarstjórar sinna ábyrgðarmiklum stjórnendastörfum og algengt er að þeir stýri tugum starfsmanna og beri ábyrgð á hundruð milljóna króna veltu. Námið byggir á hæfnigreiningu fyrir starf verzlunarstjóra, viðhorfskönnun meðal starfandi verzlunarstjóra og samvinnu um þróun þess í samstarfi við lykilfyrirtæki í verzlun og þjónustu.
- Námið er fyrir starfandi verzlunarstjóra og einstaklinga með víðtæka starfsreynslu af verzlunarstörfum.

Samstarf Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst

- Styrkur námsins liggur bæði í virku samstarfi við atvinnulífið og í samstarfi háskólanna tveggja um þróun þess og kennslu.
- Námið er metið til eininga til áframhaldandi náms í viðskiptafræði til BS gráðu, bæði við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Nemendur sem útskrifast með diplómagráðu í verslunarstjórnun munu því geta haldið áfram námi til BS gráðu í viðskiptafræði kjósi þeir það.
- Háskólarnir meta gagnkvæmt háskólaeiningar (ECTS) innan verkefnisins, óháð því hvor skólinn kennir einstök námskeið og mat á náminu inn í BS gráðu í viðskiptafræðum.



Skipulag námsins

- Námið er fjórar annir og hefst með vinnulotu í námstækni og aðferðafræði. Þrír skylduáfangar í verslunarstjórnun eru kjarni námsins, fyrstu þrjár annirnar, en lokaverkefni, sem unnið er með fyrirtæki nemandans, er kjarni þeirrar síðustu.
- Þrátt fyrir að miðað sé við að námið sé tveggja ára nám með vinnu, ráða nemendur sínum námshraða.
- Námið er 60 ECTS einingar. Það er kennt með vinnu og mun taka tvö ár í dreifnámi. Námið byggir að hluta til á áföngum sem nú þegar eru kenndir til BS gráðu í viðskiptafræðum við Háskólann á Bifröst og í Háskólanum í Reykjavík. Að hluta er um nýja áfanga að ræða, sérstaklega þróaða með sérþarfir verslunarinnar í huga og með þátttöku lykilfyrirtækja í greininni.
- Tveggja ára nám gerir ráð fyrir því að nemandi taki að meðaltali þrjá áfanga á önn, nema fyrstu önnina. Heimilt er að taka námið á lengri tíma eða allt að fjórum árum, en fyrstu þrjár annir skal nemandi þó að lágmarki ávallt taka einn sameiginlegan skylduáfanga; birgða-/vöru-, og rekstrarstjórnun, kaupmennsku eða verslunarrekstrarrétt.

Skiplag námsins

Vorönn 2018: Birgða-, vöru, - og rekstrarstjórnun		
Haustönn 2018: Kaupmennska	Haustönn 2018: Grunnáfangi 1 í viðskiptafræði	Haustönn 2018: Grunnáfangi 2 í viðskiptafræði
Vorönn 2019: Verslunarréttur	Vorönn 2019: Grunnáfangi 3 í viðskiptafræði	Vorönn 2019: Grunnáfangi 4 í viðskiptafræði
Haustönn 2019: Lokaverkefni	Haustönn 2019: Grunnáfangi 5 í viðskiptafræði	Haustönn 2019: Valáfangi

Sameiginlegir skylduáfangar í verzlunarstjórnun

- Birgða-, vöru- og rekstrarstjórnun
- Kaupmennska
- Verzlunarrekstrarréttur

Gert er ráð fyrir að verkefni í þessum áföngum séu að verulegu leyti unnin út frá starfi og fyrirtæki nemandans og að nám hans geti þannig gagnast því fyrirtæki sem hann starfar hjá.

Skylduáfangar eru kenndir í dreifnámi (blöndu af stað- og fjarnámi) og stendur hver áfangi yfir í tólf vikur. Kennsla samanstendur af fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnavinnu, bæði í fjarnámi og á þremur vinnuhelgum, en einnig eru gestafyrirlestrar og vinnustofur hluti námsins. Áfanginn hefst með tveggja daga vinnulotu á Bifröst frá föstudegi yfir á laugardag en síðari tvær vinnuloturnar eru í Háskólanum í Reykjavík.

Grunnáfangar í viðskiptafræði

Nemendur taka fimm grunnáfanga í viðskiptafræði í bundnu vali í báðum háskólunum, í fjarnámi hjá Bifröst eða í staðnámi hjá HR samkvæmt skipulagi hvors háskóla um sig.

Miðað er við að nemandi taki tvo slíka áfanga á önn en heimilt er að ráða eigin námshraða hvað grunnáfanga varðar.

Grunnáfangar eru:

- **Rekstrarhagfræði**
- **Stjórnun**
- **Mannauðsstjórnun**
- **Þjónustustjórnun**
- **Reikningshald**

Valáfangi

Einnig velja nemendur einn af neðangreindum áföngum sem valfag við HR eða Bifröst:

- **Markaðsfræði**
- **Rekstrarstjórnun/breytingastjórnun**
- **Gæðastjórnun/gæðamál og þjónusta**
- **Vörumerkjastjórnun**
- **Stafræn markaðssetning**
- **Vinnusálfræði**
- **Neytendahegðun**



Lokaverkefni

- Lokaverkefni á síðasta misseri getur verið einstaklingsverkefni eða hópverkefni og fer eftir vali nemanda.
- Lokaverkefni er unnið í samstarfi við fyrirtæki í verzlun og við umsjónarkennara.


Þjónusta við nemendur: Námsráðgjöf, stuðningur og verkefnastjórnun

- Sérstakur verkefnastjóri annast námsráðgjöf, utanumhald námsins, samskipti við nemendur og samræmingu kennslu og þjónustu háskólanna tveggja. Umsækjendur fá einstaklingsmiðaða aðstoð við að skipuleggja nám sitt í upphafi og boðið verður upp á regluleg samtöl við náms- og starfsráðgjafa hópsins.
- Allir umsækjendur fá einstaklingsbundna námsráðgjöf samhliða mati á fyrra námi og reynslu.
- Samhliða náminu er nemendum boðið upp á stuðning sem veitir þeim tækifæri til að þróa leiðtogahæfni sína, laða fram það besta í starfsfólki og getur því bætt samskipti á vinnustað.


Inntökuskilyrði og umsóknir

- Umsóknafrestur var til 20. janúar 2018. Hægt er að sækja um námið á vef Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst, VR og SVP.
- Almenn inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærilegt nám, en einnig verður litið til starfsreynslu og hæfni við inntöku nemenda.
- Þeir sem sækja um á grundvelli starfsreynslu án stúdentsprófs, og skortir grunnþekkingu í stærðfræði, íslensku og ensku, munu eiga þess kost að efla sig í þeim greinum, verði þeir teknir inn í námið.
- Reynsla af verslunarstjórnun eða víðtæk starfsreynsla á sviði verslunar skilyrði.
- www.starfsmennt.is

Allir umsækjendur



Aldur allir umsækjendur



Umsóknir alls 41
Samþykktir 21

Ein gátt, margar leiðir

Menntagátt verslunarfólks

Fyrstu tillögur

Starfstengdir
áfangar; 55

Vinnustaða-
nám/þjálfun; 35

maður

un vinnur undir stjórn

því ufrágangurinn er á
g
m,
eigur
st af

kis,
hæfða

msjón
m
g getur

raemi
starfar
arstjóra
stefnu
þryggi
mun,
er á.

15

17

13

JOB & KARRIERE

UDVIKLING I JOBBET

BRUG FOR HK?

TAG DIT NÆSTE SKRIDT

Jeg **Vælg udgangspunkt** >

overvejer at skifte job

har brug for inspiration til at udvikle mig i jobbet

har brug for et skub for at komme videre

vil gerne uddanne mig – men har brug for gode råd

har brug for nye kompetencer for at følge med

er interesseret i at få mere ansvar

vil gerne være bedre til det, jeg laver

[🏠](#) > [Job & Karriere](#) > [Udvikling i jobbet](#)

MUS

UDVIKLING FOR LEDERE

SÆT ORD PÅ DINE STYRKER OG KOMP

Udviklingen på arbejdsmarkedet går stærkt. Men når du også udvikler dig, følger med og styrker dine kompetencer, kan du trygt gå fremtidens arbejdsmarked i møde. Og vi hjælper dig med det hele – et skridt ad gangen.

